# REGLUGERÐ

**um sérstakt línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 4. apríl 1987 til og með 15. maí 1987 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a) 63 10'0 N, 22 00'0 V.
b) 63 25'3 N, 22 00'0 V.
c) 63 33'7 N, 23 03'0 V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1987.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

30. mars 1987 Nr. 142

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 201/1981 um iðgjald til slysatrygginga skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

1. gr.

3. gr. hljóði svo:
Iðgjald álagt árið 1987 skal nema 0,23% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 168/1986.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. mars 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*



**Endurprentað blað.**